

Skagaströnd, 22. nóvember 2012.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík

Efni: Umsögn um þingsályktun um menningarstefnu. Þingskjal 199 – 196. mál.

Menningarráð Norðurlands vestra fagnar nýrri tillögu til þingsályktunar um menningarstefnu.

Ráðið leggur áherslu á gott aðgengi að listum og menningu óháð búsetu og efnahag fólks. Til þess að svo verði þurfa t.d. menningarstofnanir, sem eru á landsvísu, að móta sér stefnu sem þjónar öllum landsmönnum og gera ráð fyrir framkvæmd stefnunnar í sínum fjárhags-áætlunum.

Menningarráð Norðurlands vestra bendir á að á undanförunum árum hafa fjárveitingar til menningarmála dregist töluvert saman, m.a. til Norðurlands vestra og mikilvægt er að snúa slíkri þróun við. Ráðið hvetur því til að nýrri menningarstefnu verði fylgt eftir með auknum fjárveitingum. Minnt er á þau jákvæðu áhrif sem öflugt menningarlíf um allt land hefur á mannlíf og því mikilvægt að hlúa vel að grasrótinni, bæði áhuga- og atvinnufólki.

Varðandi lið III.1. er bent á að ekki er síður þörf á að árangur og starfsemi annarra samninga og sjóða sé metinn reglulega með sambærilegum hætti og menningarsamningar milli ríkis og sveitarfélaga.

Fyrir hönd Menningarráðs Norðurlands vestra

Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi